

# Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 28. maí kl. 10:00 var haldinn 1910. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

## Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Apóteks Grills ehf., kt. 520213-1550, dags. 19. mars 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Apotek Restaurant) að Austurstræti 16, F2002659, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Apóteks Grills ehf., kt. 520213-1550, dags. 24. mars 2026, um skráningu á veitingastað (Apotek Restaurant) að Austurstræti 16, F2002659, rými 01 0101. Ný skráning.  
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi*.
- Lögð fram umsókn Miðbæjarhótela/Centerhotels ehf., kt. 450905-1430, dags. 16. mars 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir gististað; hótél (Grandi by Center Hotels) að Seljavegi 2, F2000261, rými 01 0101. Breytingar á húsnæði.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði* og *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Næs Íspinna ehf., kt. 660326-0140, dags. 12. maí 2026, um starfsleyfi fyrir framleiðslu og dreifingu á íspinnum (Næs Íspinnar) í matarsmiðju Matís að Vínlandsleið 12. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram tillaga Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að undanþáguákvæðum frá ákvæðum greinar 1.3. í sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur. Tillagan er lögð fram með vísun í úrskurðarorð í úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 148/2025.  
Samþykkt að veita eftirfarandi undanþágu frá ákvæðum greinar 1.3 í sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemina.
  - Áfram skal að jafnaði miða við að brennsla fari fram á virkum dögum á bilinu frá kl. 17:30 til kl. 06:30.
  - Heimilt er að bæta við fimmta brennsludegi á virkum degi ef veðuraðstæður heimila.
  - Í þeim aðstæðum þegar bálfarir anna ekki innstreymi kista og fjöldi kista sem bíða bálfara er orðinn fleiri en 60, er heimilt að bæta við einum brennsludegi í viku, þ.e. annað hvort laugardegi eða sunnudegi. Heimildin gildir á meðan fjöldi kista sem bíða bálfara er unnin niður fyrir 60.

4. Heimilt verður að brenna á dagvinnutíma (kl. 07:00-15:00) frá 8. júlí til 6. ágúst. Berist HER kvartanir á þessum tíma verða þær metnar og undanþáguheimildin, eftir atvikum, tekin til endurskoðunar.

Rekstraraðili skal halda skrá um brennslur sem fara fram í samræmi við undanþáguákvæðin. Mánaðarlega skal senda HER afrit af skránni. HER getur einnig óskað þessara upplýsinga þegar þörf er talin á. Hyggist rekstraraðli nýta ákvæði 3. liðar og brenna á laugar- eða sunnu- degi skal það tilkynnast HER sérstaklega.

Berist kvartanir um reyk og/eða ónæði frá starfseminni á þeim tímum sem undanþágu- ákvæðin taka til áskilur HER sér rétt til að endurskoða undanþáguákvæðin.

### **Fundi slitið kl. 10:20**

Tómas Guðberg Gíslason

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson